

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1799
komudagur 15. 4. 2004



Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

TILVITNUN YÐAR

BREÐ YÐAR

TILVITNUN VOR

DAGSETNING

EBr/hþ
00-22

13.04.2004

Varðar bréf dags. 26. mars 2004

Hjálagt fylgir umsögn RARIK um eftirfarandi frumvörp til laga.

- X • Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.
- Frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.
- Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Einir Birnir', written over a horizontal line.

framkvæmdastjóri

13.04.2004

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003

Umsögn RARIK er eftirfarandi:

1. gr.

- a) RARIK leggur áherslu á að flutningskerfið nái ekki lengra en að mörkum þéttbýlis eins og fram kemur í greininni og rökstutt er í athugasemdum við hana með orðunum: “Eðlilegt þykir að flutningsfyrirtækið standi ekki í rekstri flutningsvirkja inni í miðju dreifikerfi í þéttbýli”. Með þessu verður jafnræði dreifiveitna betur tryggt.
- b) Í stað setningarinnar: Notandi sem notar ... Komi: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með 8000 stunda nýtingartíma eða meira.
(Þetta er gleggra orðalag.)

3. gr.

RARIK leggur til að við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist setningin: Samningur við flutningskerfið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á, skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi. (Þetta er lagt til þar sem úrbætur vegna hugsanlegra flutningstakmarkana í flutningskerfi eða dreifikerfi geta valdið verulegri fjárfestingarþörf í raforkukerfinu og því nauðsynlegt að upplýsingar um þetta liggi fyrir við veitingu leyfis).

4. gr.

Auk þess sem fram kemur í frumvarpinu leggur RARIK til eftirfarandi breytingar á texta í 4. mgr. 8. gr. Í stað: Því er þó heimilt að reka raforkumarkað .. komi: Því er skylt að koma á markaði með raforku ... (Raforkumarkaður er nauðsynleg forsenda til að tryggja samkeppni og eðlilega og gagnsæja verðmyndun.)

5. gr.

Í stað núverandi 3. töluliðs 4. mgr. 9. gr. komi: Kerfisstjóri skal setja reglur um mælingu raforku og notkunarferla í samráði við dreifiveitur og Orkustofnun. (RARIK telur ekki nægilegt að ákvarða eða samræma notkunarferla, þar sem aflmæling fer ekki fram, heldur þarf að skilgreina hvernig mælingum á að vera háttað ásamt gagnameðhöndlun og uppgjörum.)

7. gr.

Í málsgreininni “Hún skal einnig falli orðið einnig brott. (Orðinu er ofaukið og getur valdið misskilningi)

RARIK vill vara við því að meiriháttar framkvæmdir í flutningskerfinu, eins og t.d. Sprengisandslína, verði til að íþyngja einstökum nýjum virkjunum eða stórnotendum. (Sbr. það sem kemur fram í ákvæðinu: “Heimilt er að krefjast greiðslu”).

13. gr

Í lið 53 komi Ljósafoss í stað Írafoss enda er Írafoss ekki afhendingarstaður. (Með afhendingarstöðum samkvæmt Viðauka 1 er umfang flutningskerfisins ákveðið í samræmi við samkomulag sem gert var í 19manna nefndinni. Rarik telur þó æskilegra að flutningskerfið nái til fleiri þéttbýlisstaða á veitusvæði Rarik. Fyrirtækið getur þó fallist á þessa niðurstöðu en verði breytingar á afhendingarstöðum annarra dreifiveitna en RARIK áskilur fyrirtækið sér rétt til að krefjast hliðstæðra breytinga.

Athugasemd við 21. gr. og 23. gr. Raforkulaga

Varðandi 21. gr og 23 gr. raforkulaga vill RARIK vekja athygli á að réttarstaða dreifiveitna til endurnýjunar og lagningar dreifikerfis er skert frá því sem verið hefur og gæti valdið vandræðum og auknum kostnaði við raforkudreifingu í byggðunum. Heimild dreifiveitna til að rækja skyldur sínar verður að vera ótvíræð.